



NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA  
Fornleifadeild

# Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi við Brjánslæk á Barðaströnd



Atli Rúnarsson

NV nr. 17-22

Maí 2022


 <b>NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA</b>		<b>Dagsetning: Desember 2021</b>
		<b>Dreifing:</b> <input type="checkbox"/> <b>Opin</b> <input type="checkbox"/> <b>Lokuð til: 1.4.2022</b> <input type="checkbox"/> <b>Háð leyfi verkkaupa</b>
<b>Skýrsla nr:</b> NV nr 17-22.	<b>Verknúmer:</b> 624	
<b>Heiti skýrslu:</b> FORNLEIFASKRÁNING VEGNA BREYTINGA Á DEILISKIPULAGI VIÐ BRJÁNSLÆK Á BARÐASTRÖND		<b>Blaðsíður: 28</b>  <b>Upplag:</b>
<b>Höfundur:</b> Atli Rúnarsson		<b>Fjöldi korta: 3</b>  <b>Gerð skýrslu/verkstig:</b>
<b>Verkefnisstjóri:</b> Margrét H. Hallmundsdóttir		<b>Unnið fyrir:</b> Vesturbyggð
<b>Útdráttur</b>  AÐ BEIÐNI VESTURBYGGÐAR RÉÐST FORNLEIFADEILD NÁTTÚRUSTOFU VESTFJARÐA Í FORNLEIFASKRÁNINGU VEGNA BREYTINGA Á DEILISKIPULAGI VIÐ BRJÁNSLÆKJARHÖFN Á BARÐASTRÖND. GERA Á FLEIRI BÍLASTÆÐI Á SVÆÐINU, SKIPULEGGJA ÚTIVISTARSVÆÐI OG STÆKKA HÚS OG BRYGGJU		
<b>Lykilorð íslensk:</b> Fornleifaskráning, Brjánslækur, Deiliskipulag		<b>Lykilorð ensk:</b> Archaeological Survey, Brjánslækur
<b>Undirskrift verkefnastjóra:</b> Margrét Hallmundsdóttir		<b>Yfirfarið af:</b>

**EFNISYFIRLIT**

1. INNGANGUR.....	3
2. AÐFERÐAFRÆÐI.....	4
2.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	4
2.2 SKRÁNING FORNLEIFA.....	6
3. SKIPULAGSSVÆÐIÐ.....	6
3.1 SAGA BRJÁNSLÆKJAR.....	6
3.2 FORNLEIFASKRÁNING BRJÁNSLÆK.....	11
4. NIÐURSTÖÐUR .....	22
5. HLUTVERK OG TEGUND MINJA.....	22
6. HEIMILDASKRÁ.....	23
7. SKRÁR.....	24
9. KORT.....	26

## 1. INNGANGUR

Að beiðni Vesturbyggðar réðst fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða í fornleifaskráningu vegna breytinga á deiliskipulagi við Brjánslækjarhöfn á Barðaströnd. Gera á fleiri bílastæði á svæðinu, skipuleggja útivistarsvæði og stækka hús og bryggju.



Mynd 1 - Staðsetning skráningarsvæðisins merkt inn á kort með gulri stjörnu.

Á skipulagssvæðinu má finna friðlýstar minjar sem kallaðar eru Flókatóftir og skal vakin athygli á því að samkvæmt 22. grein laga um menningarminjar frá 2012 fylgir 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis og má enginn raska svæðinu án leyfis Minjastofnunar Íslands.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Lög um menningarminjar, 2012





og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

#### Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megri úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megri fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskygni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

## 2.2 SKRÁNING FORNLEIFA

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 2769 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 2769-001.

Friðlýstu minjarnar á svæðinu voru skráðar af Minjastofnun Íslands árið 2014 undir verknúmerinu 1780 og halda þær minjar því númeri í þessari skýrslu.

## 3. SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagssvæðið er allt innan lands Brjánslækjar og mörk þess eru Barðastrandarvegur í vestri, Lækjará í suðri, hafið í austri og mitt nesið norðan við Þrælavog í norðri. Á svæðinu má finna bryggjuna sem ferjan Baldur kemur að landi, vinnsluhús, bílastæði og uppistandandi íbúðarhús.

### 3.1 SAGA BRJÁNSLÆKJAR

Minnst er á Brjánslæk í Hausbók Landnámu en Hrafna-Flóki á að hafa tekið þar land. Í Landnámu segir að „*Þeir Flóki sigldu vestr yfir Breiðafjörð ok tóku þar land, sem heitir Vatnsfjörðr við Barðaströnd. Þá var fjörðrinn fullr af veiðiskap, ok gáðu þeir eigi fyrir veiðum at fá heyjanna, ok dó allt kvikfé þeira um vetrinn. Þá var heldr kalt. Þá gekk Flóki upp á fjall eitt ok sá norðr yfir fjöllin fjörð fullan af hafsum; því kölluðu þeir landit Ísland, sem þat hefir síðan heitit. Þeir Flóki ætluðu brott um sumarit ok urðu búnir litlu fyrir vetr. Þar sér enn skálatópt þeira inn frá Br(i)anslæk ok svá hrófit ok svá seyði þeirra.*“<sup>2</sup>

Minnst var á Brjánslæk í Tíundarlögum Íslendinga hinum fornu frá sem var rituð eftir skinnbók nr. 347. Fol. í safni Árna Magnússonar og talið að sú bók hafi verið skrifuð um 1370. Þar var sagt að á Brjánslæk byggi Bjarni, sonur Jóns biskups Arasonar.<sup>3</sup> Í kirknaskrá frá 1200 var sagt að kirkja væri á Brjánslæk og að hún væri í Skálholtsumdæmi.<sup>4</sup> Árið 1467 keyptu Ari Guðmundsson og Sveinn Brandsson Brjánslæk og Lækjareignir<sup>5</sup> og einnig var minnst á Brjánslæk í skiptabréfi eftir Ólöfu Loptsdóttur milli Þorleifs og Einars Björnssyna.<sup>6</sup> Í neðanmálgrein í skjali sem nefndist Guðmundarpeningar frá árinu 1501

<sup>2</sup> Íslendingabók og Landnáma, 1942, bls. 25

<sup>3</sup> Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1. bindi, 1947-1950, bls. 119

<sup>4</sup> Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1-16. bindi, 1947-1950, bls. 13

<sup>5</sup> Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 5. bindi, 1947-1950, bls. 495-496

<sup>6</sup> Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 6. bindi, 1947-1950, bls. 256

var minnst á að menn Einars Björnssonar drápu Bjarna Þórarinsson á Brjánslæk árið 1482.<sup>7</sup> Árið 1504 gefur Jón Björnsson Bjarna Andréssyni allar löggjafir sýnar og tilgreinir þar Brjánslæk<sup>8</sup> og minnst er á jörðina í skrá og reikningsskap um jarðagóss og eignir Bjarna, sem þá var andaður, árið 1509.<sup>9</sup> Í Bréfabók Ögmundar frá 1519 var sagt að Biskup Ögmundi var dæmdur Brjánslækur til halds vegna kirkju niðurfalls, en hann gjörði kaup úr.<sup>10</sup>

Kirkja var á Brjánslæk og í Máldaga Brjánslækjarkirkju frá 1532 var sagt að kirkjan væri helguð ungfrú Maríu og hinum heilaga Gregorio. Kirkjan átti hálf heimlandið og hálf Engey, jarðirnar Hlíð og Þverá, hálfan Peningsdal, Uppsali og Vatzdal með skógi og haga neðan frá Eiðsá og Þingmannaá. Kirkjan átti einnig alla selveiði með öllum fiðurgæðum á Eiði fyrir innan Skálmarnes, milli Sandvíkurness og Kerlingatanga.<sup>11</sup> 1547 var kirkjan komin í eyði og engin prestskylda veittist að henni.<sup>12</sup> Í kaupmálabréfi frá 1551 var hálfur Brjánslækur talinn til kaups og konmundar<sup>13</sup> og í vitnisburði frá 1553 var sagt að Guðrún Björnsdóttir hefði fengið syni sínum, Eggerti Hannessyni, allt tilkall sem hún mætti eiga til Brjánslækjar.<sup>14</sup> Árið 1563 kvittaði Eggert Hannesson um lausn hálftrar jarðarinnar undan dómkirkjunni í Skálholti<sup>15</sup>

Í Gíslamáldaga frá 1570 voru eignir kirkjunnar á Brjánslæk taldar upp:

*„Kirkian ä Briamslæk ä heimaland hällft. Eingey.*

*Jtem jardernar Hlijd og Thuerä. ønnur fyrer .x. aura leigd. enn ønnur fyrer .iiij. ærgillde. halffan peningsdal. Vppsale og allan Vatzdal med skoge og haga nedann frä Eidsäa og Thijngmannaä og framm ä Gielldneytatungur. so langt sem skogeer vaxid vtan skog i Hniotum i millum Thijngmannaär og Lambagilia er kirkian i Haga ä.*

*Item ä kirkian selveide alla med øllum fiørugjædum ä Eide fyrer innan Skälmanes millum Sandvijkurness og Kiellingartanga.*

*Jtem kirkiuskier tuø.*

*thangad liggia vnder .xij. Bæer ad tijundum og Lysetollum.*

*thar liggur til ein prestsskyllda og luka honum .iiij. merkur kaups.*

<sup>7</sup> Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 7. bindi, 1947-1950, bls. 570

<sup>8</sup> Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 197

<sup>9</sup> Sama, bls. 266

<sup>10</sup> Sama, bls. 704

<sup>11</sup> Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 9. bindi, 1947-1950, bls. 644-645

<sup>12</sup> Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 11. bindi, 1947-1950, bls. 600-601

<sup>13</sup> Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 12. bindi, 1947-1950, bls. 314

<sup>14</sup> Sama, bls. 511-512

<sup>15</sup> Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 14. bindi, 1947-1950, bls. 107-108



*Jtem ä kirkian sex mälnytu kugillde.*

*Jtem jnnann kirkiu .ij. messuklædi. eitt alltarisklæde. eirn silffur kaleikur. ij koparpijpur storar ä alltare. eitt glodarkier. ein klucka og korbialla. eirn lijtil koparhialmur.*

*Jtem steint tialld yffer alltare. eirn skrudarstockur og eirn järnkall.*

*Jtem fastagotz hundrad hundrada. Lxxx<sup>c</sup>. og ijc.<sup>16</sup>*

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 var sagt að jarðardýrleiki Brjánslækjar hafi verið þrjátíu hundruð og eigendur jarðarinnar voru Guðmundur Þorleifsson að Geirrauðareyri, sem átti tuttugu hundruð, og Árni Guðmundsson á Hóli í Bíldudal átti hin tíu hundruðin. Á hluta Guðmundar bjó Sr. Sigurður Snorrason og Jón Björnsson bjó á hluta Árna.

Heimilsmenn Sr. Sigurðar voru tíu og kvikfénaður hans voru fimm kýr, tvær veturgamlar kvígur, eitt þrívetra naut, einn kálfur, sextán ær, tólf geldsauðir, níu gemlingar og fjórir hestar. Á hluta Sigurðar var talið að gætu fóðrast fimm kýr, tólf ær og tíu lömb. Landskuld af hluta Sr. Sigurðar voru sex vættir sem voru oftast greiddar með ríkisdöllum með íslenskum taxta. Landeigandi lagði treglega til við til húsbóta og þurfti leiguliðinn að sækja hann sjálfur í kaupstaðinn. Engar kvaðir voru á hluta Sr. Sigurðar.

Landskuld á hluta Jóns Björnssonar voru áttatíu álnir sem voru stundum greiddar með fóðri en oftast með landaurum eftir landtaxta og lagði landeigandi til við til húsbóta. Leigukúgildin voru fjögur sem voru greidd með smjöri og engar kvaðir voru á hluta hans. Jón hélt þrjár kýr, eina kvígu, einn kálf, ellefu ær, þrjá gelda sauði, átta veturgamla sauði, einn hest og eitt hross. Þar var talið að gætu fóðrast þrjár kýr, tólf ær, tólf lömb og einn hestur. Heimilismenn Jóns voru sex.

Jörðin hafði rifhrís til eldiviðar í heimalandi, en notuðu skóg til raftviðar og kolagerðar í Vatnsdal. Grastekjan var talin lítilfjörleg og fé var beitt í fjörunni á veturna. Jörðin átti eyjuna Engey og voru þar góðar slægjur og beit fyrir lömb framan af vetri.

Kirkjan á Brjánslæk átti sker sem heitir Lækjarsker og hafði þar stundum uppdráp á selum á veturna, en þó var það farið að þrjóta þegar jarðabókin var gerð.<sup>17</sup>

<sup>16</sup> Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 585-586

<sup>17</sup> Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1924, bls. 269-271

Í Jarðabók Johnsen frá 1847 var dýrleiki jarðarinnar talinn þrjátíu hundruð, kúgildin voru 9, landskuldin 1.6 og ábúandinn var prestur.<sup>18</sup>

Kristian Kálund var á svæðinu árið 1877 og skoðaði Flókatóftir, hann lýsti þeim sem 4-5 tóftum en að þær væru að hluta frekar óljósar en að aðaltóftin væri ferhyrnd og um 9 faðma löng.<sup>19</sup> Sigurður Vigfússon var á svæðinu sumarið 1889 og lýsti hann þar sex tóftum og furðaði sig á því að Kálund sá einungis 4-5. Hann sagði aðaltóftina tvískipta, um 16 metra að lengd og um 10 metra breið.<sup>20</sup> Sigurður gróf prufuskurði í allar sex tóftirnar og taldi að stærsta tóftin, eina tóftin sem hann fann einhverja gripi í, væri tóftin sem minnst var á í Hausbók Landnámu.<sup>21</sup> Um aldamótin 1900 fann Snæbjörn Kristjánsson frá Hergilsey tvö kuml á Brjánslæk, en þau má finna við austur enda uppistandandi vinnsluhúss hafnarinnar á Brjánslæk. Hann gróf stærra kumlið og fann þar mjög fúna beinagrind sem var með stóra steinhellu yfir brjóstinu, meðfram beinagrindinni var ryðrönd og túlkaði hann röndina sem leifar af vopni sem grafið var með einstaklingnum í kumlinu. Hann gróf ekki minna kumlið en taldi vegna stærðar þess að þar væri um barnakuml að ræða og hreyfði ekki við því (þó er búið að grafa það í dag).<sup>22</sup> Árið 2005 fékk Fornleifastofnun Íslands leyfi til að grafa í bæði kumlin og var tilgangur þess að annarsvegar ganga úr skugga um hvort meint kuml hafi verið forn grafreitir og hinsvegar hvort þúst á nesinu norðan við kumlið sé manngerð eða náttúrumyndun.<sup>23</sup> Ekki hafa fundist neinar skýrslur um þessa rannsókn eða hvort hún hafi yfir höfuð farið fram.

Kristján Eldjárn skoðaði Flókatóftir oft en einu sinni og efaðist hann um að tóftirnar væru eins gamlar og talið var. Rökstuddi hann það með því að hvorki var minnst á Flókatóftir í Sturlubók né Styrmissbók, heldur einungis í Hausbók Landnámu sem skrifuð var í kringum 1300.<sup>24</sup>

Minjastofnun Íslands rannsakaði líka tóftirnar árin 2005 og 2012 og niðurstöður þeirra rannsókna voru að augljóslega séu þarna fornar tóftir, en ómögulegt sé að segja hvort um sé að ræða tóftir Flóka Vilgerðarsonar. Aldursgreiningar bentu til þess að búið hafi verið

<sup>18</sup> J. Johnsen, 1847, bls. 180

<sup>19</sup> P. E. Kristian Kálund, 1985, bls. 549

<sup>20</sup> Sigurður Vigfússon, 1893, bls. 10

<sup>21</sup> Sigurður Vigfússon, 1893, bls. 11-15

<sup>22</sup> Kristján Eldjárn, 2016, bls. 113-114

<sup>23</sup> Minjastofnun Íslands, 2005

<sup>24</sup> Magnús A. Sigurðsson & Kristinn Magnússon, 2016, bls. 9

á svæðinu á nokkrum tímabilum, ein rústin gæti verið frá því í kringum landnám á meðan önnur gæti verið tveim til þremur öldum yngri (Þarna eru ekki taldar með yngri minjar frá Grund).<sup>25</sup>

---

<sup>25</sup> Magnús A. Sigurðsson & Kristinn Magnússon, 2016, bls. 16

### 3.2 FORNLEIFASKRÁNING BRJÁNSLÆK

**Númer:** 2769-001

**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 306082.9 N: 565595.0

**Lengd:** 4.7m

**Breidd:** 3.5m

**Hæð veggja:** 0 – 0.6m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**


**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:** Í móanum sunnan við Þrælavog. Tóftin er um 130m NV við vinnsluhúsið við Brjánslæk og um 50m austan við veginn.

**Minjalýsing:** Niðurgrafin tóft, mögulega naust sem er opið í austur. Áberandi dæld í móanum og virðist vera torf í henni.



Mynd 3 - Horft yfir tóft 2769-001



Mynd 4 - Uppmæling af tóft 2769-001

**Númer:** 2769-002

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Varða

**Staðsetning:** A: 306168.8 N: 565761.7

**Lengd:** 2.5m

**Breidd:** 1.6m

**Hæð veggja:** 0.5m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:** Á miðju nesinu sem gengur út á norðanverðan Þrælavog.

**Minjalýsing:** Varða, að mestu hrunin. Varðan er nú um 0.5m há og grjótt úr henni liggur í kring.



*Mynd 5 - Horft yfir vörðu 2769-002. Varðan er töluvert hrunin*



*Mynd 6 - Horft yfir vörðu 2769-002 og út nesið.*



**Númer:** 2769-003

**Hlutverk:** Kuml

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðsetning:** A: 306197.9 N: 565537.2

**Lengd:** 2.7m

**Breidd:** 2m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Framkvæmdir

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:** Á hæð aftan við vinnsluhúsið við Brjánslækjarhöfn.

**Minjalýsing:** Niðurgrafin hola með steinum í hlið og botni, búið er að grafa kumlið. Snæbjörn Kristjánsson gróf kumlið um aldamótin 1900 og

fann þar beinagrind með stórri hellu yfir brjóstinu og talar hann um steinkistu og árefti. Ryðrönd var meðfram beinagrindinni sem bendir til þess að vopn hafi verið lagt í gröfina.<sup>26</sup> Mögulega rannsakaði Fornleifastofnun Íslands kumlið aftur árið 2005 en engin gögn hafa fundist um það önnur en leyfisveiting Minjastofnunar Íslands, þá Fornleifavernd Ríkisins.



Mynd 7 - Horft yfir kuml 2769-003



Mynd 8 - Horft yfir kuml 2769-003. Vinnsluhúsið í bakgrunni.

<sup>26</sup> Kristján Eldjárn, 2016, bls. 113-114

**Númer:** 2769-004

**Hlutverk:** Kuml

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðsetning:** A: 306200.2 N: 565541.1

**Lengd:** 2.1m

**Breidd:** 1m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Framkvæmdir

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:** Á hæð aftan við vinnsluhúsið við Brjánslækjarhöfn.

**Minjalýsing:** Meint kuml sem búið er að grafa.

Þegar Snæbjörn Kristjánsson gróf kuml 2769-

003 um aldamótin 1900 taldi hann að þetta kuml

væri barnakuml vegna stærðar þess og hreyfði ekki við því. Búið er að grafa kumlið og

var það mögulega gert af Fornleifastofnun Íslands árið 2005 en engin gögn hafa fundist

um það önnur en leyfisveiting Minjastofnunar Íslands, þá Fornleifavernd Ríkisins.



Mynd 9 - Horft yfir kuml 2769-004



Mynd 10 - Horft yfir kuml 2769-004

**Númer: 1780-655**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 306133.4 N: 565367.8

**Lengd:** 18.5m

**Breidd:** 8m

**Ástand:** Greinanleg

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Friðlýst:** Já

**Staðhættir:** Undir norðanverðum hamrinum sem Flókatóftir eru undir. Um 120m sunnan við bílastæðið við Brjánslækjarhöfn.

**Minjalýsing:** Tóftin er úr torfi og grjóti og opin í vestur. Tóftin er áföst tóft 1780-656.



Mynd 11 - Horft vestur yfir tóft 1780-655.

**Númer: 1780-656**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 306141.8 N: 565366.6

**Lengd:** 22.6m

**Breidd:** 9.6m

**Ástand:** Greinanleg

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Friðlýst:** Já

**Staðhættir:** Tóftin er áföst tóft 1780-655.

**Minjalýsing:** Tóftin er úr torfi og grjóti og opin í vestur. Tóftin er áföst 1780-655 og tóft 1780-567 hefur verið byggð upp við hana.



Mynd 12 - Horft vestur yfir tóft 1780-656.





**Númer: 1780-657**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 306144.5 N: 565354.3

**Lengd:** 12.9m

**Breidd:** 10m

**Ástand:** Greinanleg

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Friðlýst:** Já

**Staðhættir:** Á sama svæði og fyrri skráningar með verknúmerið 1780.

**Minjalýsing:** Tóft úr torfi og grjóti með þremur rýmum. Aðalrými tóftarinnar er opið í vestur, hin eru lokuð. Veggjahæð er frá 0.2 – 1.2m og veggjabreidd að jafnaði um 1.2m.



Mynd 13 - Horft vestur yfir tóft 1780-655

**Númer: 1780-658**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Staðsetning:** A: 306150.1 N: 565338.5

**Lengd:** 26.4m

**Breidd:** 0.5m

**Ástand:** Greinanleg

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Friðlýst:** Já

**Staðhættir:** Garðlagið gengur í vestur út frá tóft 1780-657.

**Minjalýsing:** Garðlag sem er áfast tóft 1780-657, gengur í vestur í 6m, beygir þar í suður í 11m og þaðan í austur í 9m.



Mynd 14 - Horft í vestur yfir garðlag 1780-658.



**Númer: 1780-659**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 306169.8 N: 565367.0

**Lengd:** 8.5m

**Breidd:** 6.5m

**Ástand:** Greinanleg

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Friðlýst:** Já

**Staðhættir:** Um 15m austan við tóft 1780-656.

**Minjalýsing:** Tóftin er úr torfi og grjóti, opin í suður. Töluvert af torfi og grjóti er hrunið inn í tóftina.



*Mynd 15 - Horft í norður yfir tóft 1780-659.*

**Númer: 1780-660**

**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 306182.8 N: 565363.6

**Lengd:** 9.1m

**Breidd:** 7.1m

**Ástand:** Greinanleg

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Friðlýst:** Já

**Staðhættir:** Naustið er við fjöruborðið austan við tóft 1780-659.

**Minjalýsing:** Naust úr torfi, opið í austur. Veggjahæð er frá 0.1 – 0.3m.



*Mynd 16 - Horft í vestur yfir naust 1780-660.*

**Númer: 1780-661**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 306167.5 N: 565343.3

**Lengd:** 17.2m

**Breidd:** 11.1m

**Ástand:** Greinanleg

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Friðlýst:** Já

**Staðhættir:** Tóftin er um 10m sunnan við tóft 1780-659.

**Minjalýsing:** Tóftin er tvískipt, inngangarvirðast vera í bæði rýmin í austur. Tóftin virðist vera einungis úr torfi. Þessi tóft var talin aðaltóft Flókatófta og vera skáli Hrafna-Flóka. Sjá má prufuskurði í tóftinni sem teknir hafa verið við fyrri rannsóknir á henni. Veggjahæð er frá 0.1 – 0.4m og veggjabreidd að jafnaði um 2.4m.



Mynd 17 - Horft í norður yfir tóft 1780-661.

**Númer: 1780-662**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 306161.5 N: 565325.4

**Lengd:** 13.3m

**Breidd:** 9m

**Ástand:** Greinanleg

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Friðlýst:** Já

**Staðhættir:** Syðsta tóft Flókatófta.

**Minjalýsing:** Tóft með a.m.k. tveimur rýmum. Aðalrýmið er opið í norður og hitt í austur. Tóftin virðist vera úr torfi, veggjahæð er frá 0.1 – 0.3m og veggjabreidd að jafnaði um 1.8m.



Mynd 18 - Horft í suður yfir tóft 1780-662.

**Númer: 1780-663**

**Hlutverk: Óþekkt**

**Tegund: Tóft**

**Staðsetning:** A: 306186.5 N: 565337.7

**Lengd: 5.9m**

**Breidd: 5.3m**

**Ástand: Greinanleg**

**Horfin: Nei**

**Hættumat: Engin hætta**

**Hættuorsök:**

**Friðlýst: Já**

**Staðhættir:** Tóftin er um 4m SA við tóft 1780-661.

**Minjalýsing:** Ferhyrnd tóft úr torfi. Úr þessari tóft komu elstu aldursgreiningar úr rannsóknum Minjastofnunar Íslands. Veggjahæð er frá 0.1 – 0.4m og veggjabreidd er að jafnaði um 2m.



Mynd 19 - Horft í NA að tóft 1780-663.

**Númer: 1780-664**

**Hlutverk: Seyður**

**Tegund: Niðurgröftur**

**Staðsetning:** A: 306181.2 N: 565346.5

**Lengd: 2.5m**

**Breidd: 2.1m**

**Ástand: Greinanleg**

**Horfin: Nei**

**Hættumat: Engin hætta**

**Hættuorsök:**

**Friðlýst: Já**

**Staðhættir:** Seyðurinn er fast austan við tóft 1780-661.

**Minjalýsing:** Niðurgrafinn seyður, um 2.5 x 2.1m.



Mynd 20 - Horft í vestur yfir seyð 1780-664.



**Númer: 1780-665**

**Hlutverk:** Seyður

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðsetning:** A: 306193.7 N: 565337.5

**Lengd:** 1.9m

**Breidd:** 1.7m

**Ástand:** Greinanleg

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Friðlýst:** Já

**Staðhættir:** Um 5m austan við tóft 1780-663.

**Minjalýsing:** Niðurgrafinn seyður, um 1.9 x 1.7m.



Mynd 21 - Horft norður yfir seyð 1780-665.

**Númer: 1780-666**

**Hlutverk:** Seyður

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðsetning:** A: 306197.7 N: 565335.5

**Lengd:** 2.3m

**Breidd:** 1.8m

**Ástand:** Greinanleg

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Friðlýst:** Já

**Staðhættir:** Um 3m austan við seyð 1780-665

**Minjalýsing:** Niðurgrafinn seyður, um 2.3 x 1.8m.



Mynd 22 - Horft norður yfir seyð 1780-666.

#### 4. NIÐURSTÖÐUR

Á skráningarsvæðinu er að finna friðlýstar minjar sem samkvæmt lögum eiga 100 metra friðhelgað svæði og ekki má raska því án leyfis Minjastofnunar Íslands. Naust 2769-001 og varða 2769-002 ættu að vera utan skipulagðs framkvæmdasvæðis en ef ráðast á í framkvæmdir á svæðinu ætti að hafa samband við Minjastofnun Íslands og fylgja fyrirmælum þeirra um hvaða ráðstafanir ætti taka.

Þegar kemur að kumlum 2769-003 og 2769-004 þá ber að hafa í huga að oft geta fleiri kuml leynst á sama stað og ef ráðist er í framkvæmdir á þessu svæði þá er ráðlagt að gera frekari fornleifaathuganir/rannsóknir á svæðinu.

#### 5. HLUTVERK OG TEGUND MINJA

Hér fyrir neðan verður farið yfir helstu hlutverk þeirra minja sem eru í fornleifaskránni. Alls eru 15 minjar í skránni, 11 af þeim eru friðlýstar og voru skráðar af Minjastofnun Íslands árið 2014 og kallast allar saman Flókatóftir, farið var ítarlega yfir sögu þeirra í kafla 3.1. Minjarnar sem skráðar voru af Náttúrustofu Vestfjarða eru eitt mögulegt naust, ein landamerkjia varða og tvö kuml.

Númer	Tegund	Hættumat	Hætta vegna	Tillaga að mótvægisáðgerð
<b>2769-001</b>	Naust	Engin hætta		
<b>2769-002</b>	Varða	Engin hætta		
<b>2769-003</b>	kuml	Mikil hætta	Framkvæmda	Athuga þarf eðli og umfang.
<b>2769-004</b>	Kuml	Mikil hætta	Framkvæmda	Athuga þarf eðli og umfang.
<b>1780-655</b>	Tóft	Engin hætta		
<b>1780-656</b>	Tóft	Engin hætta		
<b>1780-657</b>	Tóft	Engin hætta		
<b>1780-658</b>	Tarðlag	Engin hætta		
<b>1780-659</b>	Tóft	Engin hætta		
<b>1780-660</b>	Naust	Engin hætta		
<b>1780-661</b>	Tóft	Engin hætta		
<b>1780-662</b>	Tóft	Engin hætta		
<b>1780-663</b>	Tóft	Engin hætta		
<b>1780-664</b>	Seyður	Engin hætta		
<b>1780-665</b>	Seyður	Engin hætta		
<b>1780-666</b>	Seyður	Engin hætta		

Tafla 1 - Tafla yfir tegund minja, hættumat og tillögur að mótvægisáðgerðum.



## 6. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1924). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla*. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

*Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1-16. bindi*. (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

*Íslendingabók og Landnáma*. (1942). Reykjavík: Herbertsprint.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

Kristján Eldjárn. (2016). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi* (3. útg.). (A. Friðriksson, Ritstj.) Reykjavík: Forlagið.

*Lög um menningarminjar*. (29. júní 2012). Sótt frá [www.althingi.is](http://www.althingi.is):  
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Magnús A. Sigurðsson & Kristinn Magnússon. (2016). *Flókatóftir á Barðaströnd. Rannsóknir 2004 og 2012*. Reykjavík: Minjastofnun Íslands.

Minjastofnun Íslands. (2005). *Fornleifarannsóknir 2005*. Sótt frá [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is):  
<https://www.minjastofnun.is/media/frettir/Fornleifarannsoknir-2005.pdf>

P. E. Kristian Kálund. (1985). *Íslenskir sögustaðir II*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Sigurður Vigfússon. (1893). *Rannsóknir í Breiðafirði 1889. Árbók hins íslenska fornleifafélags*, 1-23.

## 7. SKRÁR

Númer	Tegund	Hlutverk	Ástand	Horfin	Hættumat	Lýsing	Austur	Norður
2769-001	Tóft	Naust	Vel greinanleg	Nei	Engin hætta	Niðurgrafin tóft, mögulega naust sem er opið í austur. Áberandi dæld í móanum og virðist vera torf í henni.	306082.9	565595.0
2769-002	Varða	Landamerki	Vel greinanleg	Nei	Engin hætta	Varða, að mestu hrunin. Varðan er nú um 0.5m há og grjót úr henni liggur í kring.	306168.8	565761.7
2769-003	Niðurgröftur	Kuml	Vel greinanleg	Nei	Mikil hætta	Niðurgrafin hola með steinum í hlið og botni, búið er að grafa kumlið. Snæbjörn Kristjánsson gróf kumlið um aldamótin 1900 og fann þar beinagrind með stórri hellu yfir brjóstinu og talar hann um steinkistu og árefti. Ryðrönd var meðfram beinagrindinni sem bendir til þess að vopn hafi verið lagt í gröfina. <sup>27</sup> Mögulega rannsakaði Fornleifastofnun Íslands kumlið aftur árið 2005 en engin gögn hafa fundist um það önnur en leyfisveiting Minjastofnunar Íslands, þá Fornleifavernd Ríkisins.	306197.9	565537.2
2769-004	Niðurgröftur	Kuml	Vel greinanleg	Nei	Mikil hætta	Meint kuml sem búið er að grafa. Þegar Snæbjörn Kristjánsson gróf kuml 2769-003 um aldamótin 1900 taldi hann að þetta kuml væri barnakuml vegna stærðar þess og hreyfði ekki við því. Búið er að grafa kumlið og var það mögulega gert af Fornleifastofnun Íslands árið 2005 en engin gögn hafa fundist um það önnur en leyfisveiting Minjastofnunar Íslands, þá Fornleifavernd Ríkisins.	306200.2	565541.1
1780-655	Tóft	Óþekkt	Greinanleg	Nei	Engin hætta	Tóftin er úr torfi og grjóti og opin í vestur. Tóftin er áföst tóft 1780-656.	306133.4	565367.8

<sup>27</sup> Kristján Eldjárn, 2016, bls. 113-114

1780-656	Tóft	Óþekkt	Greinanleg	Nei	Engin hættu	Tóftin er úr torfi og grjóti og opin í vestur. Tóftin er áföst 1780-655 og tóft 1780-567 hefur verið byggð upp við hana.	306141.8	565366.6
1780-657	Tóft	Óþekkt	Greinanleg	Nei	Engin hættu	Tóft úr torfi og grjóti með þremur rýmum. Aðalrými tóftarinnar er opið í vestur, hin eru lokuð. Veggjahæð er frá 0.2 – 1.2m og veggjabreidd að jafnaði um 1.2m.	306144.5	565354.3
1780-658	Garðlag	Óþekkt	Greinanleg	Nei	Engin hættu	Garðlag sem er áfast tóft 1780-657, gengur í vestur í 6m, beygir þar í suður í 11m og þaðan í austur í 9m.	306150.1	565338.5
1780-659	Tóft	Óþekkt	Greinanleg	Nei	Engin hættu	Tóftin er úr torfi og grjóti, opin í suður. Töluvert af torfi og grjóti er hrunið inn í tóftina.	306169.8	565367.0
1780-660	Tóft	Naust	Greinanleg	Nei	Engin hættu	Naust úr torfi, opið í austur. Veggjahæð er frá 0.1 – 0.3m.	306182.8	565363.6
1780-661	Tóft	Óþekkt	Greinanleg	Nei	Engin hættu	Tóftin er tvískipt, inngangar virðast vera í bæði rýmin í austur. Tóftin virðist vera einungis úr torfi. Þessi tóft var talin aðaltóft Flókatófta og vera skáli Hrafna-Flóka. Sjá má prufuskurði í tóftinni sem teknir hafa verið við fyrri rannsóknir á henni. Veggjahæð er frá 0.1 – 0.4m og veggjabreidd að jafnaði um 2.4m.	306167.5	565343.3
1780-663	Tóft	Óþekkt	Greinanleg	Nei	Engin hættu	Ferhyrnd tóft úr torfi. Úr þessari tóft komu elstu aldursgreiningar úr rannsóknum Minjastofnunar Íslands. Veggjahæð er frá 0.1 – 0.4m og veggjabreidd er að jafnaði um 2m.	306186.5	565337.7
1780-664	Niðurgröftur	Seyður	Greinanleg	Nei	Engin hættu	Niðurgrafinn seyður, um 2.5 x 2.1m.	306181.2	565346.5
1780-665	Niðurgröftur	Seyður	Greinanleg	Nei	Engin hættu	Niðurgrafinn seyður, um 1.9 x 1.7m.	306193.7	565337.5
1780-666	Niðurgröftur	Seyður	Greinanleg	Nei	Engin hættu	Niðurgrafinn seyður, um 2.3 x 1.8m.	306197.7	565335.5

## 9. KORT



### Skýringar

- Staðsetning minja
- Mælingar - flákar




Fornleifar sem voru skráðar við Brjánslæk vegna breytinga á deiliskipulagi.  
Mælikvarði: 1:4000 Dags. 27.5.2022 Kort 1  
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson




### Skýringar

- Staðsetning minja
- Mælingar - flákar



Uppmæling Minjastofnunar Íslands af Flókatóftum  
Mælikvarði: 1:4000 Dags. 27.5.2022 Kort 2  
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson





## VESTURBYGGÐ

Brjánslækur  
 Brjánslækjarhöfn og Flókátóftir  
 Deiliskipulag  
 Mkv. 1 : 3.000 (A3)  
 Febrúar 2022  
 Endurskoðað: Apríl 2022

Skipulagsgögn:  
 Deiliskipulagsuppráttur mkv. 1 : 3.000  
 Greinargerð og skilmálar

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð skv. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn þann \_\_\_\_\_ 20

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20 með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20

GINGI teiknistofa arkitekta f.a.l.  
 Miðtún 1, 460 Tálknafjörður  
 Sími: 697-6984, netfang: gingi11@simnet.is  
 Pétur H. Jónsson skipulagsfr. arkitekt f.a.l.  
 Langaveg 13, 101 Reykjavík  
 Sími: 562-1140, netfang: ima@simnet.is